

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 24.1.2014
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2011-272
0.5

Með erindi dags. 6. janúar sl. óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs (169. mál – þingskjal 203).


Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands lítur stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs jákvæðum augum.

Texti tillögunnar er almennt orðaður og ekkert sérstakt þar sem ástæða þykir til að gera athugasemd við.

Þó skal nefnt að kæmi til stofnunar þjóðgarðs þyrfti að vera tryggt að starfsmenn Veðurstofunnar gætu farið ferða sinna að vori og hausti til afkomumælinga á jöklinum og til vitjana í ýmsum mælistöðvum í nánd hans.

Virðingarfyllst



Árni Snorrason, forstjóri VÍ